



Alþingi
Erindi nr. P 128/361
komudagur 2.12.2002

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

30. nóvember 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um verðbréfavíðskipti (347. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV áttu tvo fulltrúa í þeirri nefnd sem vann að frumvarpinu og eru almennt sátt við málið. Þó er mikilvægt að geta tiltekins efnisatriðis sem SBV hafa áður gagnrýnt í tengslum við breytingar á gildandi lögum. Það varðar 1. mgr. 43. gr. um skilgreiningu á innherjaupplýsingum.

Til að um innherjaupplýsingar geti verið að ræða samkvæmt ákvæðinu þurfa þær að vera óopinberar og líklegar til að hafa áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Rétt er að geta þess að hugtakið innherjaupplýsingar inniheldur efnislega sömu reglu og hugtakið trúnaðarupplýsingar í gildandi lögum. Í athugasemdum við greinina segir: “Við mat á því hvort upplýsingar teljist innherjaupplýsingar ber að leggja til grundvallar hvort heildarmynd skynsams fjárfestis af markaðsverðmæti útgefandans hefði breyst ef hann hefði vitað um upplýsingarnar, en ekki hvort upplýsingarnar hafi í raun haft áhrif eftir að þær voru birtar opinberlega.”

Í EB tilskipun nr. 89/592, um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti er eftirfarandi skilgreining á innherjaupplýsingum: *'Inside information' shall mean information which has not been made public of a precise nature relating to one or several issuers of transferable securities or to one or several transferable securities, which, if it were made public, would be likely to have a significant effect on the price of the transferable security or securities in question;*

Í bandarískum lögum um sama efni er talað um að upplýsingar séu líklegar til að hafa “material effect” á verð bréfa.

Aðildarríkjum er heimilt að setja sér strangari reglur en EB tilskipanir mæla fyrir um og þess eru dæmi að önnur ríki en Ísland hafi gert það varðandi skilgreiningu á

innherjaupplýsingum. Nefna má Noreg í þeim efnum. Önnur ríki hafa hins vegar farið þá leið að fylgja forskrift tilskipunarinnar og mæla fyrir um að slíkar upplýsingar verði að vera líklegar til að hafa “veruleg áhrif” á markaðsverð bréfa. Með því að sleppa því að tala um “veruleg áhrif” er hætt á að minniháttar verðsveiflur geti leitt til gruns um innherjasvik á grundvelli hvers konar upplýsinga, jafnvel þeirra sem almennt verða að teljast lítilvægar. Fyrrgreint orðalag greinargerðar frumvarpsins kemur ekki í veg fyrir hættu á þeim óæskilegu afleiðingum.

Um þessar mundir er verið að vinna að gerð tilskipunar um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun á vegum ESB (Directive on insider dealing and market manipulation). Í 1. gr. tilskipunardraganna er gert ráð fyrir að áfram verði miðað við veruleg áhrif á markaðsverð (a significant effect), eins og í fyrrgreindri tilskipun nr. 89/592. Samtök evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR), sem gegna munu mikilvægu hlutverki við setningu afleiðdra reglna og eftirlit með framkvæmd tilskipunarinnar, gáfu í júlí 2002 út umræðuskjal um málið þar sem sú túlkun er staðfest.


Ljóst er að huga þarf að breytingum á íslenskum reglum á þessu sviði þegar framangreind tilskipun er komin til framkvæmda. Í ljósi þess töldu fulltrúar SBV í þeirri nefnd sem vann að umræddu frumvarpi ekki rétt að leggjast gegn orðalagi 1. mgr. 43. gr. að svo stöddu. SBV telja hins vegar mjög brýnt að fylgt verði Evrópuþróun í þessum efnum næstu misseri.

Hvað önnur ákvæði frumvarpsins varðar vilja SBV benda á tvö atriði:

1. Í b-lið 7. tölul. 2. gr. (orðskýringar) vantar að telja upp “fjárfestingasjóði”, sbr. 2. mgr. 27. gr. frumvarps til laga um fjármálafyrirtæki og væntanlegt frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði.
2. Ákvæði 11. gr. frumvarpsins (safnskráning) kom upphaflega inn í gildandi lög með lögum nr. 164/2000. Í greinargerð með því frumvarpi kom fram að slíkir safnreikningar tíðkist almennt í nágrannalöndunum og séu mikilvægir fyrir fjármálamarkaðinn í ljósi þess hagræðis sem þeir veita fjárfestum. Heimildin hafi því mikla þýðingu til að hægt sé að skrá erlend verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði hérlendis.

Það þekktist meðal ESB-ríkja að slíkum safnreikningum fylgi heimild til að fara með umboð frá eigendum viðkomandi fjármálagerninga til atkvæðisréttar á hluthafafundum. Samkvæmt gildandi lögum og fyrirliggjandi frumvarpi er það og verður áfram óheimilt hér á landi, sbr. athugasemdir í greinargerð. Í ljósi mikilvægis samkeppnishæfni fjármálamarkaðarins er ástæða til að hugað sé að því að opna fyrir þann möguleika hér á landi einnig, annað hvort með breytingu á umræddu ákvæði eða á ákvæðum hlutafélagalaga.

Viðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri